

Birting persónuupplýsinga í dómum á Netinu

Hörður Helgi Helgason

„Réttur til að vita ...“

Ráðstefna 27. september

Hótel Hilton Nordica Reykjavík

LANDSLÖG

Borgartúni 26
105 Reykjavík
Talsími: 520 2900
Bréfasími: 520 2901
www.landslog.is

Á Persónuvernd erindi?

Lagaheimild í upplýsingalögum

II. kafli. Almennur aðgangur að upplýsingum.

5. gr. Réttur almennings til aðgangs að gögnum.

6. gr. Gögn undanþegin upplýsingarétti.

7. gr. Upplýsingar um málefni starfsmanna.

9. gr. Takmarkanir á upplýsingarétti vegna einkahagsmuna.

Upplýsingaréttur hins skráða

Persónuverndarlög:

III. kafli. Upplýsingaréttur og upplýsingaskylda.
Fræðslu- og viðvörðunarskylda, o.fl.

16. gr. Réttur til almennrar vitneskju um
vinnslu persónuupplýsinga.

18. gr. Upplýsingaréttur hins skráða.

Upplýsingalög:

III. kafli. Aðgangur aðila að upplýsingum um
hann sjálfan.




HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS



DÓMSTÓLARÁÐ





Not only must Justice be done; it must also be seen to be done.

– Gordon Hewart, 1st Viscount, in *R v Sussex Justices, Ex parte McCarthy* ([1924] 1 KB 256, [1923] All ER Rep 233)



Opin og lokuð þinghöld

11. gr. sakamálalaga nr. 88/2008

Óheimilt er að hljóðrita eða taka myndir í þinghaldi. Dómari getur veitt undanþágu frá þessu banni ef sérstaklega stendur á. Ef tekið hefur verið upp hljóð eða teknar myndir í þinghaldi án leyfis dómara er óheimilt að birta þær hljóðupptökur eða myndir.

Óheimilt er að skýra frá því sem gerist í lokuðu þinghaldi án leyfis dómara. Þótt þinghald sé háð í heyranda hljóði getur dómari bannað að skýrt verði frá því sem gerist þar ef ætla má að frásögn geti leitt til sakarspjalla eða valdið vandamönnum sakbornings, brotþola eða öðrum sem ekki eru fyrir sökum hafðir þjáningum eða verulegum óþægindum. Ákvörðun um slíkt bann má vera tímabundin. Skal dómari skrá hana í þingbók og kynna hana viðstöddum.

Sakaskrá

XXXVI. kafli. Sakaskrá o.fl.

225. gr. Ríkissaksóknari skal halda sakaskrá fyrir allt landið þar sem skráð eru úrslit sakamála. [...]

226. gr. Lögreglu er heimilt að skrá og varðveita upplýsingar um brotaferil einstakra manna og atriði sem varða einkahagi þeirra. [...]

227. gr. Ákærandi skal leggja sakavottorð ákærða fram í sakamáli við þingfestingu máls nema hann telji óþarft að líta til sakaferils hans við úrlausn málsins.

Hver og einn á rétt á að fá afhent sakavottorð eða upplýsingar um eigin sakaferil úr sakaskrá. Aðrir eiga því aðeins rétt á að fá aðgang að slíkum upplýsingum að sá sem hlut á að máli hafi veitt ótvírætt samþykki sitt til þess.


HÆSTIRÉTTUR ÍSLANDS

- Leitarvél
- Dómar
- Ákvarðanir
- Dómsuppkvaðningar
- Dagskrá
- Skrá um áfrýjuð mál
- Lög og reglur
- Um Hæstarétt
- Tenglar
- English
- Dansk

Leitarvél Hæstaréttar

Dómasafn

Notið OG/EDA/EKKI milli orða ef skilyrði þurfa að vera í leit innan sviðs. Hægt er nota * (stjörnu) fyrir algildistákn í stað hluta orðs.

Svið	Skilyrði
Dómstexti	og
Málsnúmer	og
Lagagreinar	og
Lykilorð	og
Málsaðilar	eða Tryggvi Gunnarsson
Dagsetning	og

Ekkert fannst.

Á heimasíðu Hæstaréttar er að finna alla dóma réttarins sem kveðnir eru upp eftir 1. janúar 1999.
Hæstiréttur Íslands | Dómhúsinu v/Arnarhól | 150 Reykjavík | Sími: 510 3030 | Fax: 562 3995
haestirettur@haestirettur.is

Sp. 70. Tillaga til þingsályktunar [65. mál]

um tölvutækni við söfnun upplýsinga um skoðanir manna og persónulega hagi.

Flm.: Ragnar Arnalds, Steingrímur Hermannsson, Benedikt Gröndal,
Sigurlaug Bjarnadóttir, Magnús T. Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa nefnd til að semja frumvarp til laga um verndun einstaklinga gagnvart því að komið sé upp safni upplýsinga um skoðanir þeirra eða aðra persónulega hagi með aðstoð tölvutækni. Nefndin skal kynna sér lög þau, sem sett hafa verið um þetta efni eða verið er að undirbúa í nálægum löndum. Nefndin skal hafa lokið störfum áður en þing kemur saman næsta haust. Allur kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Tillaga sama efnis og þessi var flutt á Alþingi 1973—74 og 1975—76, en hefur ekki hlotið afgreiðslu. Á síðasta þingi fylgdi henni svofelld greinargerð:

Notkun tölvutækni skapar áður óþekkta yfirsýn við söfnun hvers konar upplýsinga, og þegar þess háttar tækni er beitt til að skrásetja persónulegar skoðanir fólks eða aðrar upplýsingar um einkahagi manna, þá er alvarleg hættu á ferðum. Þetta hefur mönnum orðið ljóst á seinustu árum í flestum nálægum löndum, og þess vegna hafa víða verið gerðar ráðstafanir til að vernda friðhelgi og persónuréttindi einstaklinga gegn undramætti tölvutækninnar.

Nýlega hafa verið lögð í Bandaríkjunum ákvæði, sem eiga að tryggja rétt einstaklingsins til einkaleyndar og verja hann gagnvart persónuskrám sambandsríkisins: The Privacy Act of 1974, staðfest 31. des. Í Vestur-Þýskalandi hefur mikill lagabálkur um upplýsingavernd legið fyrir sambandsþinginu um tveggja ára skeið. Í Frakklandi starfar nefnd að samningu lagafrumvarps um tölvunotkun og frelsi. Í Austurríki hefur forsætisráðuneytið samið frumvarp að tölvuskrárlögum og lagt fyrir þingið. Í Bretlandi hefur stjórnskipuð nefnd skilað álit um persónuvernd við tölvuvinnslu hjá einkaaðilum og önnur nefnd hefur fjallað um ríkisreknar tölvuskrár. Á Norðurlöndunum öllum hefur mikið verið fjallað um þessi mál: Svíar urðu fyrstir til að setja lög um þessi efni og er nú komin nokkur reynsla á framkvæmd

Magnús Thoroddsen, borgardómari

Verndun einkalífs gegn
upplýsingatölvum (Databönkum)

Magnús Thoroddsen hefur góðfúslega orðið við þeirri beiðni Skýrslutæknifélagsins að TÖLVUMÁL birti framsöguerindið, sem hann hélt á félagsfundi á vetri sem leið.

Magnús fæddist í Reykjavík 15. júní 1937. Hann lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík 1954 og embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1959. Magnús hefur starfað hjá yfirborgardómaranum í Reykjavík frá 1. desember 1960 að telja.

Erindi Magnúsar fer hér á eftir:

Verndun einkalífs gegn
upplýsingatölvum (Databönkum)

Því hefur verið haldið fram, að með tilkomu tölvunnar, eftir seinni heimsstyrjöldina, hafi orðið slík bylting í hinum vest-ræna heimi, að til einskis verði jafnað, nema Iðnbyltingarinnar í lok 18. aldar. Hvort sem framtíðin á nú eftir að staðfesta þessa skoðun, eður eigi, þá er það víst, að engin ein uppfinning þessarar aldar hefur haft eins gífurlega þýðingu í hinum tækni-væddu þjóðfélögum, og tölvun. Má fullyrða, að á mörgum sviðum þessara þjóðfélaga er tölvun nú orðin "Conditio sine qua non"



DÓMSTÓLARÁÐ

Tilkynning dómstólaráðs nr. 1/2013**Reglur um birtingu dóma og úrskurða
á heimasíðu héraðsdómstólanna**

1. gr.

Opinber birting dómsúrlausna

Með þeim takmörkunum sem greinir í reglum þessum skulu dómsúrlausnir (dómar og úrskurðir) héraðsdómstólanna birtar á heimasíðu þeirra.

Með opinberri birtingu dómsúrlausna samkvæmt framansögðu er leitast við að koma á framfæri upplýsingum sem erindi geta átt við almenning og varpa um leið ljósi á starfsemi héraðsdómstólanna. Þá er tilgangur birtingarinnar jafnframt sá að miðla upplýsingum sem komið geta lögfræðingum að notum í störfum þeirra.

2. gr.

Umsjón og ábyrgð

Skrifstofa hvers héraðsdómstóls annast og ber ábyrgð á birtingu dóma og úrskurða til samræmis við reglur þessar. Dómsúrlausn skal að jafnaði birt innan tveggja daga frá uppkvaðningu dóms eða úrskurðar. Úrlausn skal þó ekki birt fyrr en liðin er ein klukkustund frá uppkvaðningu þannig að lögmanni/verjanda gefist ráðrúm til að upplýsa skjólstæðing sinn um niðurstöðu máls.

Ekki er gert ráð fyrir að dómsúrlausn fylgi reifun á efnisatriðum hennar. Dómari í viðkomandi máli skal þó tilgreina atriðisorð (lykilorð/uppflettiorð) sem að hans mati eiga við hverju sinni og skulu þau liggja fyrir við uppkvaðningu dóms eða úrskurðar.

3. gr.

Takmarkanir á birtingu

Dómsúrlausn skal ekki birt þegar um er að ræða:

Spurningar?

Hörður Helgi Helgason
hhh@landslog.is

LANDSLÖG

Borgartúni 26
105 Reykjavík
Talsími: 520 2900
Bréfasími: 520 2901
www.landslog.is